

Fræðslusjóðurinn Sjómennt

Kynningarátak 1. okt. - 31. des. 2012



Höfundur: Sigríður Kristjánsdóttir

1. okt. – 31. des. 2012

www.sjomennt.is

Samantekt

Fræðslusjóðurinn Sjómennt lagði af stað í vegferð á haustdögum 2012 til að kynna sjóðinn betur fyrir ófaglærðum sjómönnum og öðrum hagsmunaaðilum og til að greina fræðsluþarfir sjómanna. Átaksverkefnið stóð yfir frá október 2012 til ársloka 2012. Því

lauk með skýrslu þessari og kynningu á niðurstöðum verkefnisins fyrir hagsmunaaðila 30. janúar 2013.



Vitneskja um fræðslusjóðinn, tilgang hans og markmið var lítil á meðal ófaglærðra sjómanna fyrir kynningar-átakið. Að vegferð lokinni hefur fjöldi sjómanna, útgerðarféлага, verkálýðs- og sjómannafélaga sem og fræðslu- miðstöðva um land allt öðlast betri vitneskju um sjóðinn.

Til að greina fræðsluþarfir ófaglærðra sjómanna lagði Sjómennt spurningakönnun fyrir 288 háseta innan aðildarféлага Sjómannasambands Ísland og 140 nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans. Ætla má að hér sé um einhverja stærstu könnun sem gerð hefur verið á meðal sjómanna á Íslandi, gild svör voru 404 talsins.

Sjómennt hefur nú kannað fræðsluþarfir ófaglærðra sjómanna og áhuga þeirra til náms og námskeiðssóknar. Niðurstaðan er skýr, hásetar hafa áhuga á fjölbreyttu námi og námskeiðum sem eflir þá í leik og starfi.

Efnisyfirlit

Samantekt.....	1
Efnisyfirlit.....	2
1 Inngangur.....	3
2 Verkefnið.....	4
2.1 Kynningarátakið.....	4
2.1.1 Kynning fyrir útgerðarfélög.....	4
2.1.2 Kynning fyrir sjómenn.....	5
2.1.3 Kynning fyrir verkalýðs- og sjómannafélög.....	6
2.1.4 Kynning fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.....	6
2.1.5 Samantekt og til hugleiðingar.....	7
2.2 Spurningakannanir Sjómenntar.....	7
2.2.1 Spurningakönnun - ófaglærðir sjómenn.....	8
2.2.2 Spurningakönnun - skipstjórnarnemendur.....	8
3 Niðurstöður.....	10
3.1 Niðurstöður – ófaglærðir sjómenn.....	10
3.2 Niðurstöður – nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans.....	18
3.3 Samantekt á niðurstöðum.....	24
4 Lokaorð.....	26

1 Inngangur

Í nóvember 2011 stóð stjórn Sjómenntar fyrir stefnumótunarfundi um fræðslusjóðinn. Þátttakendur á fundinum voru fulltrúar Sjómenntar, Landssambands Íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Sjómannasambands Íslands (SSÍ), Skipstjórnarskóla Tækniskólans, Véltækniskóla Tækniskólans og útgerðarfyriretækjanna Brim og Samherja. Í framhaldi af því starfi ákvað stjórn Sjómenntar að gera átak í að kynna sjóðinn og að afla upplýsinga um fræðslumál ófaglærðra sjómanna. Í því skyni var höfundur skýrslu þessarar ráðinn tímabundið sem verkefnis- og kynningarstjóri Sjómenntar.

Meginmarkmið átaksins var að kynna fræðslusjóðinn á landsvísu fyrir ófaglærðum sjómönnum, útgerðarfélögum innan LÍÚ, fræðslustofnunum og verkalýðsfélögum innan SSÍ. Verkefnið fól einnig í sér að afla upplýsinga um fræðsluþarfir sjómanna, þ.e. hverjar óskir og þarfir þeirra eru varðandi starfstengda menntun og fræðslumál almennt.

Stjórn Sjómenntar setti sér það takmark að ná til um þrjú hundruð ófaglærðra sjómanna meðan á átaksverkefninu stóð. Takmarkið náðist nokkru seinna en vonir stóðu til, m.a. vegna veðurfars. Þann 5. desember 2012 hafði Sjómennt átt fundi með rúmlega 200 sjómönnum víðs vegar um landið og 2. janúar 2013 höfðu 288 sjómenn tekið þátt í spurningakönnuninni og setið kynningarfundir Sjómenntar. Tekin var ákvörðun af hálfu stjórnar fræðslusjóðsins að láta það gott heita.

Verkefnis- og kynningarstjóri var Sigríður Kristjánsdóttir og var verkefnið unnið undir stjórn framkvæmdastjóra Sjómenntar, Áslaugar Maack Pétursdóttur, og stjórnar fræðslusjóðsins. Verkefnið var unnið á tímabilinu 1. október 2012 til 31. janúar 2013.

Í skýrslu þessari er átaksverkefninu lýst, framkvæmd þess og niðurstöðum. Í fyrsta kafla skýrslunnar er fjallað um kynningarátakið, framkvæmd þess og öflun upplýsinga um fræðsluþarfir ófaglærðra sjómanna. Í öðrum kafla er sagt frá niðurstöðum spurningakannana sem lagðar voru fyrir háseta víðsvegar um landið og nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans.

2 Verkefnið

Meginþættir verkefnisins voru annars vegar að gera átak í að kynna fræðslusjóðinn Sjómennt fyrir ófaglærðum sjómönnum, útgerðarfélögum, fræðslustofnunum og verkalýðsfélögum á landsvísu. Hins vegar fólst verkefnið einnig í að afla upplýsinga um óskir og áhuga sjómanna almennt til náms og námskeiða, og að afla upplýsinga um fræðsluþarfir ófaglærðra sjómanna gagnvart starfstengdri menntun og fræðslu.

Kafli þessi skiptist í tvo hluta, fyrst er átakið kynnt fyrir fyrrnefndum hagsmunaaðilum, í síðari hlutanum er sagt frá tveimur spurningakönnunum sem lagðar voru fyrir ófaglærða sjómenn og nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans.

2.1 Kynningarátakið

Áður en formlegar kynningar hófust á fræðslusjóðnum var nýtt kynningarefni um fræðslusjóðinn gefið út og eldra efni uppfært. Það kynningarefni sem Sjómennt hafði meðferðis í för sinni um landið var kynningarbæklingur, veggspjald, glærुकynningarefni og pennar merktir Sjómennt. Á öllum kynningarfundunum, og við önnur tækifæri sem gáfust meðan á atakinu stóð, var nýju kynningarefni Sjómenntar dreift til sjómanna, verkalýðsfélaga, útgerðarfélaga og fræðslustofnana.

Áformað var að kynningarfundir yrðu haldnir í öllum landshlutum. Lögð var rík áhersla á að ná milliliðalaust til sjómanna með því að halda kynningarfundi með þeim, ýmist um borð í fiskiskipum/bátum eða í landi. Einnig var lögð áhersla á að verkefnið yrði unnið á landsvísu og að jafnvægi næðist milli landshluta.

Í bréfum til hagsmunaaðila var átaksverkefnið og markmið þess kynnt og upplýst að Sjómennt yrði á ferð um landið til að heimsækja sjómenn, útgerðarfélög, verkalýðs- og sjómannafélög og símenntunarstöðvar.

Á upphafsdögum verkefnisins taldi Sjómennt best að ná til sjómanna og útgerðarfélaga með aðstoð verkalýðs- og sjómannafélaga og fræðslumiðstöðva í hverri höfn. Í því skyni var leitaði eftir samvinnu þeirra en einnig í því skyni að laða heimamenn að átaksverkefni Sjómenntar. Þannig var talið að einfalda mætti aðgerðir við að koma á tengslum við útgerðarfyrirtækin og sjómenn innan þeirra raða og við að skipuleggja kynningarfundi. Viðbrögð aðila voru lítil og því sá Sjómennt í flestum tilfellum um að koma á samstarfi við útgerðarfélögin vegna kynningarfunda með sjómönnum.

2.1.1 Kynning fyrir útgerðarfélög

Aflað var upplýsinga frá LÍÚ um útgerðarfélög innan þeirra vébanda. Þær voru bornar saman við fyrirtækjaskráningu RSK og samkvæmt þeirri samkeyrslu voru 132 starfandi útgerðarfélög innan LÍÚ. Af þeim 132 útgerðarfélögum var gert úrtak sem miðaði að því að ná til stærstu félaganna. Fyrirtækin voru flokkuð eftir sveitarfélögum og leitaði Sjómennt eftir samstarfi við 76 útgerðarfélög úr öllum landshlutum. Í tölvubréfum til útgerðarfélaganna var verkefni Sjómenntar kynnt og jafnframt óskað eftir fundum með ófaglærðum sjómönnum í landi eða um borð í skipum/bátum útgerðar. Lagt var til að fundirnir um borð í skipunum væru haldnir rétt áður en skipin héldu til veiða, dagskrá fundanna kynnt og kallað eftir frekari hugmyndum frá útgerðarfélögum um framkvæmd fundanna

Útgerðarfélagin brugðust misjafnlega við beiðni Sjómenntar, sum fljótt, önnur seint og illa og mörg brugðust ekkert við þrátt fyrir ítrekaðar óskir Sjómenntar um samstarf. Þau útgerðarfélög sem brugðust við, sáu um að koma á tengslum milli útgerðarstjóra og/eða skipstjórnarmanna og verkefnis- og kynningarstjóra Sjómenntar. Góð viðbrögð útgerðarfyrirtækjanna dugðu þó ekki ávallt til. Í nokkrum tilfellum gekk illa að koma á sambandi við skipstjórnarmenn og sjómenn mættu jafnvel illa á fundi í landi, þrátt fyrir góða viðleitni útgerðarfyrirtækja. Þar má nefna dæmi um fund sem eitt af stærri útgerðarfélagum landsins hafði boðað fjórar skipsáhafnir til, einungis tíu hásetar mættu til fundar Sjómenntar.

Kynningarefni Sjómenntar var dreift eða póstsent til 120 útgerðarféлага. Í þeim tilfellum sem kynningarefni var póstsent til útgerðarféлага var þess óskað að efninu yrði komið til ófaglærðra sjómanna sem og aðgengilegt á skrifstofum fyrirtækjanna.

2.1.2 Kynning fyrir sjómenn

Í ljósi reynslu annarra af því að erfitt getur reynst að ná til sjómanna í landi var lagt upp með það að verkefnis- og kynningarstjóri Sjómenntar færi um borð í skip/báta, rétt áður en þau lögðu af stað til veiða („rétt áður en sleppt var“). Nokkrir fundir voru þó haldnir með sjómönnum í landi þar sem ýmist útgerðir, fræðslumiðstöðvar eða sjómannafélögin komu að skipulagi fundanna. Á kynningarfundunum var fræðslusjóðurinn kynntur fyrir hásetum og lögð fyrir þá spurningakönnun sem miðaði að því að greina fræðsluþarfir þeirra.

Haldnir voru 20 kynningarfundir fyrir 288 sjómenn víðs vegar um landið. Fundirnir fóru flestir fram um borð í skipum rétt áður en haldið var til veiða. Einn fundur var haldinn við löndun skips, annar við millilöndun og fjórir fundir voru haldnir í landi með áhöfnum skipa.

Veðurfar hafði nokkur áhrif á framgang verkefnisins. Fyrsti fundur um borð í skipi var haldinn á Siglufirði en veður (bræla) kom í veg fyrir að kynningarfundirnir yrðu fleiri í þeirri ferð. Fundir með sjómönnum í Vestmannaeyjum féllu niður og í lok desember féll ferð til Ólafsvíkur og Grundarfjarðar niður vegna óveðurs. Verkalýðsfélag Snæfellinga sá um að kynna fræðslusjóðinn Sjómennt og að dreifa kynningarefni hans til þeirra níu sjómanna sem mættu í óveðrinu til fundar í Grundarfirði.

Fundir í landi urðu fjórir. Fyrsti kynningarfundurinn í landi var haldinn á Sauðárkróki í samvinnu við Farskólann og FISK Seafood. Á Ísafirði var kynningarfundur haldinn í samvinnu við Fræðslumiðstöðina á Ísafirði, í Neskaupsstað var fundur haldinn í samvinnu við Síldarvinnsluna og á Höfn í Hornarfirði var haldinn fundur í samstarfi við Skinney Þinganes. Þá var stefnt að því að halda hópfund með dagróðrabátum á Suðurnesjum en ekkert varð af því.

Dagskrá kynningarfundanna var sú sama í flestum tilfellum. Í upphafi funda var spurningakönnun lögð fyrir hásetana, þá var fræðslusjóðurinn Sjómennt kynntur og sjómönnum afhent fyrrnefnt kynningarefni. Flestum fundum Sjómenntar lauk með því að sjómennirnir horfðu á mynddiskinn *Þitt val – Þín leið* sem fjallar um náms- og starfsráðgjöf fyrir sjómenn. Á fundunum kom fram að sárafaír höfðu séð myndefnið sem

vakti bæði athygli og áhuga sjómanna. Mynddiskurinn var gefinn út í apríl 2010 og var á sínum tíma dreift í stærri skip og togara víðs vegar um land. Sjómennt, ásamt fleiri aðilum, styrkti útgáfu mynddísksins.

Þess má geta að í nokkrum tilfellum sátu eigendur, útgerðarstjórar og skipstjórnarmenn kynningarfundina.

2.1.3 Kynning fyrir verkalyðs- og sjómannafélög

Sjómennt var með kynningarbás á 40. þingi Alpýðusambands Íslands sem haldið var á Hilton Reykjavík Nordica dagana 17. – 19. október 2012. Þar var fræðslusjóðurinn kynntur og kynningarefni dreift til þingfulltrúa og annarra gesta. Fulltrúar fjölda verkalyðs- og sjómannafélaga fengu þar kynningu á sjóðnum og kynningarefni Sjómenntar til að hafa með sér heim í hérað frá þinginu.

Kallað var eftir samstarfi allra verkalyðs- og sjómannafélaga innan vébanda Sjómannasambands Íslands. Nokkur verkalyðsfélög brugðust vel við og buðu Sjómennt aðstoð sína. Formaður Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Gunnar Reynir Kristinsson, brást fyrstur við og veitti bæði góða aðstoð við að koma á fyrsta kynningarfundinum um borð í skipi á Siglufirði og tók þátt í fundinum.

Sjómennt sótti nokkur verkalyðs- og sjómannafélög heim, þar á meðal Sjómannafélagið Jötunn í Vestmannaeyjum, Verkalyðsfélag Vestfirðinga á Ísafirði og Afl Starfsgreinafélag á Egilsstöðum. Í Vestmannaeyjum átti Sjómennt, ásamt Sólrúnu Bergþórsdóttur frá fræðslumiðstöðinni Visku, góðan fund með formanni Sjómannafélagsins Jötuns. Hann bauð aðstoð sína við verkefnið ef svo færi að veður hamlaði komu Sjómenntar til Vestmannaeyja. Þá má geta þess að formaður Verkalyðsfélags Vestfirðinga tók þátt í kynningarfundum Sjómenntar sem haldinn var hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði.

Framkvæmdastjóri Sjómenntar kynnti fræðslusjóðinn og átaksverkefnið á 28. þingi Sjómannasambands Íslands sem haldið var á Grand Hótel í Reykjavík 29. nóvember 2012.

2.1.4 Kynning fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar

Á fyrstu viku átaksverkefnisins fékk Sjómennt tækifæri til að kynna fræðslusjóðinn á haustfundi Kvasis, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Fundurinn var haldinn á Ísafirði 3. október 2012. Á fundinum kynnti Sjómennt fræðslusjóðinn og nýhafið verkefnið og mögulegar styrkveitingar Sjómenntar til fræðslumiðstöðva vegna námsefnisgerðar og námskeiðshalds í þágu ófaglærðra sjómanna.

Markmið samtakanna Kvasir er m.a. að efla símenntun og auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu á heimaslóðum¹. Á haustfundinum var m.a. rætt um hvað símenntunarmiðstöðvar geti gert fyrir sjómenn og þá valkosti sem sjómönnum stendur til

¹ Kynningarefni frá Kvasir samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, okt. 2012.

boða. Þá var rætt um dreifnám, sveigjanleika fræðslumiðstöðvanna, tengsl og samvinnu milli atvinnulífs og fræðslumiðstöðva.

Í framhaldi af fundinum á Ísafirði og til frekari kynningar á átaki Sjómenntar sendi Sjómennt tölvubréf til allra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og óskað eftir samstarfi vegna verkefnisins. Sjómennt átti gott samstarf við Farskólann á Sauðárkróki, Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Fræðslumiðstöð Vestfjarða vegna funda með sjómönnum.

Kynningarefni Sjómenntar, nýjum bæklingi og veggspjaldi var dreift til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna á fundinum á Ísafirði og í heimsóknum til Farskólans á Sauðárkróki, Austurbrú á Austurlandi, Framvegis í Reykjavík, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Visku í Vestmannaeyjum.

2.1.5 Samantekt og til hugleiðingar

Samstarf komst á með nokkrum hagsmunaaðilum um undirbúning kynningarfundanna en í flestum tilvikum sá verkefnis- og kynningarstjóri Sjómenntar um undirbúning og skipulagningu þeirra í samráði við útgerðarfélögin. Lykilaðilar í átaksverkefninu voru útgerðarfélögin innan LÍÚ. Nokkurrar tortryggni gætti í garð verkefnisins af hálfu sumra útgerðarfyrirtækjanna. Kynningarátakið hefði e.t.v. náð enn betri og skjótari árangri með forkynningu LÍÚ fyrir útgerðarfélögin og hvatningu til félagsmanna um samstarf og þátttöku í verkefni Sjómenntar.

Verkefnis- og kynningarstjóri Sjómenntar varð þess var að erfitt getur reynst að ná til sjómanna. Einn áhrifabátturinn er að heimahöfn útgerðarfélags er stundum í öðru sveitarfélagi en sjómennirnir eiga lögheimili í og einnig að sjómenn eru jafnvel félagar í verkalýðs- og sjómannafélögum í öðrum landshlutum en heimahöfn útgerðar.

2.2 Spurningakannanir Sjómenntar

Samkvæmt heimildum Hagstofunnar voru 5200 karlar og konur við fiskveiðar á árinu 2011.² Samkvæmt munnlegum heimildum frá Sjómannasambandi Íslands eru hásetar á Íslandi um 3000. Stjórn Sjómenntar ákvað að leggja spurningakönnun fyrir 10% félagsmanna eða um 300 háseta til að afla upplýsinga um nám og námsaðstæður þeirra.

Tvær spurningakannanir voru gerðar af hálfu fræðslusjóðsins. Annars vegar var um að ræða skriflega könnun sem lögð var fyrir 288 starfandi háseta og hins vegar rafræna könnun sem lögð var fyrir 140 nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans. Stjórn Sjómenntar lagði áherslu á að kannanirnar yrðu lagðar fyrir háseta frá öllum landshlutum og af ólíkum tegundum fiskiskipa.

Spurningalistarnir í könnunum Sjómenntar voru byggðir á spurningakönnun sem Farskólinn á Sauðárkróki lagði fyrir sjómenn hjá FISK seafood ehf. vorið 2012. Það var gert með góðfúslegu leyfi Farskólans. Spurningalista Farskólans var breytt nokkuð til

² Hagstofan. Vefslóð <http://hagstofan.is/> sótt 16. jan. 2013.

einföldunar úrvinnslu og til að mæta þörfum fræðslusjóðsins og markmiðum átaksverkefnisins.

2.2.1 Spurningakönnun - ófaglærðir sjómenn

Markmiðið með spurningakönnuninni sem lögð var fyrir starfandi ófaglærða sjómenn var að kanna áhuga þeirra og þarfir fyrir fræðslu, þ.e. námi almennt, starfstengdu námi og að sækja námskeið. Spurningakönnunin var lögð fyrir 288 háseta innan aðildarféлага Sjömannasambands Íslands og fengust 280 gild svör.

Á fyrrgreindum kynningarfundum um borð í skipum, sem og í landi, var spurningakönnunin lögð fyrir hásetana. Sá háttur var hafður á að í upphafi kynningarfundanna var spurningakönnunin lögð fyrir sjómennina, án nokkurrar fræðslu eða annarrar íhlutunar. Öll kynning og umræða um nám, námsmöguleika og styrki fór fram að undangenginni spurningakönnun.

Í formála könnunarinnar til sjómannanna var eftirfarandi texti:

Með spurningalistakönnun þessari vill Sjómennt, fræðslusjóður sjómanna, kanna áhuga ófaglærðra sjómanna fyrir námi og kanna hvar áhuginn liggur. Hafa sjómenn áhuga á að auka og endurnýja þekkingu sína til að efla sig í starfi? Hafa sjómenn áhuga á að sækja sér menntunar sem tengist núverandi starfi þeirra? Er áhugi á að fara til náms? Er áhugi á að sækja námskeið? Hverjar eru óskir og námsþarfir sjómanna varðandi skipulagningu námsins og framkvæmd þess? Spurningakönnun þessi er nafnlaus. Könnunin er lögð skriflega fyrir sjómenn og rafræn fyrir úrtak nemenda Tækniskólans. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar hlutaðeigandi aðilum þegar þær liggja fyrir.

Spurningalisti Sjómenntar sem lagður var fyrir háseta innihélt 14 spurningar. Fyrstu fjórar spurningarnar lutu að bakgrunni hásetanna, þ.e. kyni, aldri, starfsaldri til sjós og menntunarstigi. Næstu tvær spurningarnar voru um vitneskju sjómannanna um fræðslusjóðinn Sjómennt og hvort þeir hefðu sótt um styrk til Sjómenntar. Meginhluti spurninganna, eða átta talsins (nr. 7 til 14), voru um námskeiðssókn, fræðsluþarfir og áhuga á námi /námskeiðum og námsaðstæðum til sjós.

2.2.2 Spurningakönnun - skipstjórnarnemendur

Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir úrtak nemenda í skipstjórnarnámi við Tækniskólann. Úrtakið náði til allra nemenda bæði í staðbundnu námi og dreifnámi í skipstjórnarfræðum við Skipstjórnarskólann innan Tækniskólans.

Átaksverkefnið og könnun á fræðsluþörfum ófaglærðra sjómanna var hafin þegar ákvörðun var tekin um að gera sambærilega könnun meðal nemenda við Skipstjórnarskóla Tækniskólans. Með spurningakönnuninni sem lögð var fyrir nemendur vildi Sjómennt m.a. kanna hvað hefði hvatt þá til náms í skipstjórnarfræðum.



Í formála spurningakönnunar til nemenda voru þeir hvattir til þátttöku og að styðja Sjómennt í viðleitni sinni við að kanna fræðsluþarfir og námsaðstæður ófaglærðra sjómanna. Spurningakönnunin var send rafrænt til 140 nemenda. Þátttakendur voru 124 nemendur sem höfðu allir nema fjórir starfsreynslu til sjós. Ekki var spurt beint hvort þátttakendur stunduðu sjómannsstarfið með námi sínu eða um það hvort þeir stunduðu staðbundið- eða dreifnám. Svör nemendanna benda til þess að yfir 100 þeirra sem tóku þátt í könnun Sjómenntar starfi til sjós meðfram námi.

Spurningalisti Sjómenntar til nemenda innihélt 13 spurningar. Fyrstu þrjár spurningarnar og svarmöguleikar voru þær sömu og í spurningakönnun til ófaglærðra sjómanna, að því undanskyldu að nemendur áttu svarmöguleikann „aldrei verið til sjós“ í spurningunni um starfsaldur. Spurt var um menntun nemendanna áður en nám hófst við Skipstjórnarskólann og hvað hefði hvatt þá til skipstjórnarnáms. Tvær spurningar lutu að fræðslusjóðnum Sjómennt og hvort nemendur hefðu sótt styrk til sjóðsins. Þá voru nemendur spurðir hvort þeir teldu vanta fræðslu af hálfu útgerðar og stéttarfélagaga fyrir háseta og hvort þörf væri á fræðslu um einelti/samskipti til sjós. Einnig var spurt um nettengingu og hvort þeir gætu stundað nám sitt meðfram sjómannsstarfinu.


3 Niðurstöður

Hér er niðurstöðum lýst með myndritum og texta. Fyrst er sagt frá niðurstöðum úr spurningakönnuninni sem lögð var fyrir ófaglærða sjómenn/háseta. Í öðrum hluta kaflans er greint frá niðurstöðum úr spurningakönnuninni sem lögð var fyrir nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans. Myndritin eru látin tala sínu máli og ekki farið í ítarlega greiningu á niðurstöðum eða skoðuð fylgni milli breyta.

Í lok kaflans er stutt samantekt á þeim meginþáttum sem aðgreinir niðurstöður hópanna og samhljóm þeirra


3.1 Niðurstöður – ófaglærðir sjómenn

Eins og áður er getið tóku 288 ófaglærðir sjómenn þátt í spurningakönnuninum. Gild svör voru 280. Ógild svör voru svör þeirra sem svöruðu fimm spurningum eða færri í spurningakönnuninni.






Mynd 2.1.


Spurning nr. 1. Kyn. Spurning nr. 2. Merktu við aldur þinn.

**Mynd 2.2.****Spurning nr. 3. Hvað hefur þú starfað mörg ár til sjós?**

Samanlagður árafjöldi þinn til sjós.


**Mynd 2.3.****Spurning nr. 4. Hvaða skólastigi hefur þú lokið?**

**Mynd 2.4.****Spurning nr. 5. Þekkir þú Sjómennt - fræðslusjóð sjómanna?****Mynd 2.5.****Spurning nr. 6. Hefur þú sótt um styrk til Sjómenntar?**



Mynd 2.6.


Spurning nr. 7. Hefur þú sótt námskeið hjá öðrum en Slysavarnarskólanum?



Mynd 2.7.


Spurning nr.8. Finnst þér vanta meiri fræðslu í tengslum við starfið þitt?

Sjómennirnir sem sögðu vanta meiri fræðslu í tengslum við starf sitt voru 86 og þeir sem höfðu ekki skoðun voru 108 talsins. Af þeim 86 svöruðu 46 opinni spurningu um hvaða fræðslu vantaði.



Mynd 2.8.

Spurning nr. 9. Hvaða fræðslu finnst þér vanta. *Skráðu hér allt það sem þér dettur í hug*
Undir starfstengda fræðslu sbr. mynd 2.8 flokkast m.a. almenn fræðsla um sjómennsku og fiskvinnslu, neta- og veiðarfæragerð, meðferð afla og vélstjórn.




Mynd 2.9.

Spurning nr. 10. Hefur þú áhuga á að fara í nám?

t.d. starfstengt nám, tómsundanámskeið, annað.


Þeir þátttakendur sem svöruðu spurningu nr.10 játandi voru beðnir um að svara spurningu nr. 11. Svarmöguleikana má sjá á mynd 2.10, auk svarmöguleikanna; veðurfræði, um samskipti/einelti, stafsetning-skrift, sjálfsstyrking, klára grunnskóla, lestrarstuðning og annað.



Mynd 2.10.a.

Spurning nr. 11. Hvaða námi eða námskeiðum hefur þú áhuga á?


Hér er spurt um allt nám/námskeið, þarf ekki að tengjast starfi þínu.



Mynd 2.10.b.

Spurning nr. 11. Hvaða námi eða námskeiðum hefur þú áhuga á?


Hér er spurt um allt nám/námskeið, þarf ekki að tengjast starfi þínu.



Mynd 2.10.c.

Spurning nr. 11. Hvaða námi eða námskeiðum hefur þú áhuga á?


Hér er spurt um allt nám/námskeið, þarf ekki að tengjast starfi þínu.




Mynd 2.10.d.

Spurning nr. 11. Hvaða námi eða námskeiðum hefur þú áhuga á?

Hér er spurt um allt nám/námskeið, þarf ekki að tengjast starfi þínu.




Mynd 2.11.
Spurning nr. 12. Ertu nettengd(ur) um borð?



Mynd 2.12.
Spurning nr. 13. Getur þú stundað nám meðan þú ert til sjós?

Nemendur sem sögðust ekki geta stundað nám til sjós voru beðnir um að svara til um ástæður þess. Í spurningu nr. 14 var um fjóra svarmöguleika að ræða, 1) Hef ekki aðgang að tölvu/á ekki tölvu 2) Þarfnast námsaðstoðar 3) Hef ekki áhuga 4) Aðrar ástæður (opið svar).




Mynd 2.13.

Spurning nr. 14. Ef svarið var nei við spurningu nr. 13. Hvers vegna?


3.2 Niðurstöður – nemendur Skipstjórnarskóla Tækniskólans

Líf- og starfsaldur nemenda er flokkaður eins og í spurningalista sjómanna. Í spurningunni um starfsaldur til sjós áttu nemendur kost á að merkja við reitinn „er ekki til sjós“.



Mynd 2.14.


Spurningar nr. 1 og 2. Kyn og aldur.



Mynd 2.15.

Spurning nr. 3. Hvað hefur þú starfað mörg ár til sjós?


Samanlagður árafjöldi þinn til sjós.




Mynd 2.16.

Spurning nr. 4. Hvaða skólastigi hafðir þú lokið áður en þú hófst núverandi nám?


Algeng menntun nemenda fyrir skipstjórnarnám er á sviði sjómennskunnar og vélstjórnar. Þó nokkrir eru iðnmenntaðir eða 11% og háskólamenntaðir 4%, þar á meðal er búfræðingur, byggingaverkfræðingur, húsasmiðir, múrarameistari og íþróttakennari.



Mynd 2. 17.
Spurning nr. 5. Þekkir þú Sjómennt – fræðslusjóð sjómanna?





Mynd 2. 18.
Spurning nr. 6. Hefur þú sótt um styrk til Sjómenntar?

**Mynd 2.19.****Spurning nr. 7. Finnst þér vanta meiri fræðslu fyrir háseta til sjós?**

(er þörf á námskeiðum og aukinni fræðslu af hálfu útgerðar og stéttarfélaga).


Nemendur sem sögðu skorta fræðslu af hálfu útgerðar og stéttarfélaga voru 48 talsins. Þeir sem svöruðu opinni spurningu nr. 8 um hvaða fræðslu þeir teldu vanta voru 42 talsins. Nokkrir nemendur nefndu í svörum sínum fleira en eina tegund fræðslu. Algengustu svörin má sjá á mynd 2.20. Undir starfstengda fræðslu fellur m.a. fræðsla um aflameðferð, hnýtingar, veiðarfæri og starfið almennt. Nítján nemendur sögðu skorta fræðslu um öryggismál og nýliðafræðslu.

**Mynd 2.20.****Spurning nr. 8. Hvaða fræðslu finnst þér vanta?**




Mynd 2.21.

Spurning nr. 9. Hvað hvatti þig – varð til þess að þú hófst núverandi nám?



Mynd 2.22.

Spurning nr. 10. Finnst þér þörf á námskeiði eða fyrirlestri um einelti /samskipti til sjós?

**Mynd 2.23.****Spurning nr. 12. Getur þú stundað nám þitt meðan þú ert til sjós?**

Af 123 þátttakendum voru einungis 27 eða 22% sem sögðust ekki geta stundað nám sitt til sjós (sjá mynd 2.23).

Þeir 27 sem sögðust ekki geta stundað nám sitt til sjós, voru beðnir að svara til um ástæður þess í spurningu nr. 13. Svarmöguleikar voru eftirfarandi: 1) Hef ekki aðgang að tölvu/á ekki tölvu 2) Þarfnast námsaðstoðar 3) Hef ekki áhuga 4) Aðrar ástæður (opinn svarmöguleiki). Flestir eða tíu sögðust ekki geta stundað nám sitt til sjós vegna lélegra/stopulla nettenginga, sex sögðu tímaleysi, þrjú höfðu ekki tölvu til afnota og fjórir sögðust þarfnast námsaðstoðar.

3.3 Samantekt á niðurstöðum

Með spurningakönnun Sjómenntar var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hafa sjómenn áhuga á að auka og endurnýja þekkingu sína, til að efla sig í starfi?
- Hafa sjómenn áhuga á starfstengdri menntun?
- Hafa sjómenn áhuga á að fara til náms? Hafa sjómenn áhuga á að sækja námskeið?

Svarið er einfalt, já. Sjómenn hafa áhuga á námi og námskeiðum til að efla sig og styrkja bæði í starfi og leik, 51% þeirra hafa áhuga á námi og 34% segja kannski. Þá segjast flestir vera nettengdir, 95% þeirra eru nettengdir eða stundum nettengdir til sjós og það því ekki fyrirstaða náms eins og orðrómur hefur verið um.

Menntunarstig sjómanna er lágt, 62% ófaglærðra sjómanna hefur ekki lokið framhaldsskóla og þeir hafa lítið sótt námskeið fyrir utan námskeið Slysavarnarskólans.


Samhljómur er með niðurstöðum úr báðum könnunum, þ.e. að tæknin eða nettenging er ekki fyrirstaða náms og margir eru tilbúnir í nám meðfram sjómannsstarfi sínu. Það sem einna helst vekur athygli í niðurstöðum úr nemendakönnuninni er að 61% þeirra telja þörf á fræðslu um einelti/samskipti og aðeins 12% segja ekki þörf á slíkri fræðslu. Nemendur og sjómennt almennt vilja einnig aukna fræðslu af hálfu útgerðar og verkalýðs- og sjómannafélaga.

Hásetar: Finnst þér vanta meiri fræðslu í tengslum við starf þitt?

Nemendur: Finnst þér vanta meiri fræðslu fyrir háseta til sjós?

(af hálfu útgerðar og stéttarféлага)

Hvaða fræðslu?	Svör frá 42 nemendum	Svör frá 46 hásetum
Starfstengda	25	23
Öryggismál	11	13
Nýliðafræðsla	8	1
Réttindi og skyldur	7	4
Nám/námsframboð	4	1
	48 nemendur eða 39% segja að auka þurfi fræðslu.	86 hásetar eða 31% segja að auka þurfi starfstengda fræðslu +39% segja veit ekki



Alls 81% ófaglærðra sjómanna og 66% nemenda þekkja ekki til fræðslusjóðsins Sjómenntar, 4% sjómannanna og 19% nemenda sögðust hafa sótt um styrk til sjóðsins. Að öllum líkindum er fjöldi sjómanna sem sótt hafa um styrk til fræðslusjóðsins öllu fleiri en svörunin í spurningakönnuninn gefur til kynna. Sú ályktun er dregin af samtölum við sjómenn á kynningarfundunum og eftir fyrirlögn spurningakannana. Í samtölunum kom fram að sjómennirnir gerðu sér ekki grein fyrir því að ýmsir styrkir sem þeir hafa sótt um í gegnum verkalýðs- og sjómannafélögin eru komnir frá fræðslusjóðnum Sjómennt.

4 Lokaorð

Samvinna var góð við þá aðila sem samstarf náðist við og ber sérstaklega að þakka þeim sem liðsinntu Sjómennt við kynningarátakið. Fyrst ber að nefna útgerðarfélögin en án samvinnu þeirra hefði verkefnið ekki náð fram að ganga. Þeim sjómanna- og verkalýðsfélögum sem lögðu Sjómennt lið er þakkað samstarfið. Einnig fræðslumiðstöðvum og þá sérstaklega Farskólanum á Sauðárkróki, Visku í Vestmannaeyjum og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Þá er Sólrúnu Bergþórsdóttur hjá Visku og Guðbirni Páli Sölvasyni hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þakkað fyrir einstaklega góða samvinnu og þátttöku í kynningarfundum Sjómenntar um borð í skipum í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Bryndísi Kristínu Þráinsdóttur er þökkuð öll aðstoðin, sér í lagi afnot af spurningakönnun Farskólans.

Bent hefur verið á sérstöðu sjómanna og sjómannslífsins og hve erfitt getur reynst að ná til sjómanna. Þar getur reynsla Sjómenntar af þeirri aðferðarfræði sem beitt var við átaksverkefnið mögulega nýst öðrum. Sá háttur að halda kynningarfundum um borð í skipum rétt áður en sjómenn héldu til veiða bar góðan árangur og reyndist afar vel. Til vitnis um þann góða árangur er þátttaka þeirra 288 sjómanna sem sátu fundina og tóku þátt í spurningakönnun Sjómenntar. Fundir með sjómönnum í landi báru ekki jafngóðan árangur.

Aðgerðir af hálfu allra hagsmunaaðila við að undirbúa jarðveginn og að hvetja hlutaðeigandi aðila til samvinnu skipta máli gagnvart verkefni eins og átaksverkefni Sjómenntar. Mikilvægt er að undirbúa jarðveginn ef vel á að takast til og ná til sjómanna en þar eru útgerðarstjórnar og skipstjórnarmenn lykilaðilar.

Það greiddi leið verkefnisins að upplýsingar um kynningarátak Sjómenntar bárust strax í upphafi þess, til fræðslustofnana um land allt, til fjölda þingfulltrúa á ASÍ þinginu og síðar inn á þing Sjómannasambandsins. Átaksverkefnið var ekki kynnt á landsþingi LÍÚ en aðilum máls sást yfir það tækifæri. Nokkurrar tregðu og jafnvel tortryggni gætti gagnvart verkefninu í einstaka tilfellum og ekkert gekk að ná til fjölmargra útgerðarféлага. Mögulega hefði kynning á landsþingi LÍÚ greitt götu verkefnisins að fleiri útgerðarfélögum.

Stjórn Sjómenntar áætlaði í upphafi að verkefnið tæki tvo til þrjú mánuði og var það sá tími sem fyrirlögn spurningakönnunar meðal sjómanna tók.

Átaksverkefni Sjómenntar stóð yfir í fjóra mánuði. Því lauk með kynningu niðurstaðna fyrir hagsmunaaðila að Nordica Hotel 30. janúar 2013 og skýrslugerð þessari.